

BRÁÐABIRGÐALÖG

63

21. ágúst

um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að það sé nú allttítt í sumum kaupstöðum landsins, að íbúðarhúsnæði sé notað til annarra þarfa en íbúðar, þó að þar sé enn mikill skortur íbúðarhúsnæðis, svo að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa, sem leggi bann við því, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra afnota en íbúðar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta, samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar, samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig, að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.

Húsnæðismálastjórn skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara verði fram fylgt.

3. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að undanþiggja kaupstaði ákvæðum laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það, og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða 10000 til 1000000 króna sektum, er renna skulu í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, samkvæmt lögum nr. 55 frá 20. maí 1955.

5. gr.

Með brot á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. ágúst 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.